

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2010, föstudaginn 9. apríl var haldinn 304. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1 og hófst kl. 08:45. Viðstaddir: Benedikt Geirsson, formaður, Ingi Þór Hermansson, Ingvar Jónsson, Sigurður Guðmundsson, Páll Grétarsson, Egill T. Jóhannsson og Björn Árni Ólafsson. Jafnframt sátu fundinn: Magnús Árnason framkvæmdastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram rekstraryfirlit fram til 1. mars sl.
Fulltrúi Kópavogs óskaði eftir ítarlegum upplýsingum varðandi fjárhagsstöðuna.
2. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 8. apríl sl. um stöðuna í fjöllumum.
3. Lagt fram minnisblað Veðurvaktarinnar ehf. dags. 7. apríl sl. sem unnið var fyrir Skíðadeild Breiðabliks um veðurskilyrði til snjóframleiðslu veturinn 2009-2010. Þar kemur fram að hægt hefði verið að framleiða snjó í 43 daga á tímabilinu 25. nóv. - 31. mars.
4. Framkvæmdastjóra og formanni falið að fá uppfærða kostnaðaráætlun vegna sjóframleiðslu fyrir næsta fund.
5. Rætt um vetrarkortasölu. Samþykkt að þeir sem keyptu vetrarkort vegna 2009/2010 fái 50% afslátt af verði árskorta næsta árs samkvæmt gjaldskrá gegn framvísun kortsins.
6. Fulltrúi Seltjarnarness ræddi um hjólabrautir á skíðasvæðum yfir sumartímann.
7. Næsti fundur verður haldinn 21. apríl kl. 08:40.

Fundi slitið kl. 10:15.

Benedikt Geirsson

Ingi Þór Hermansson
Páll Grétarsson

Ingvar Jónsson
Sigurður Guðmundsson

Fundi slitið kl. 10:35.

Benedikt Geirsson

Ingi Þór Hermannsson
Sigurður Guðmundsson
Ingvar Jónsson

Egill T. Jóhannsson
Páll Grétarsson
Björn Árni Ólafsson